
	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/71/01	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 145/17/COL	1
2017/EES/71/02	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 146/17/COL	2
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/71/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8569 – Europcar/Goldcar)	3
2017/EES/71/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8594 – COSCO Shipping/OOIL)	4
2017/EES/71/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8618 – OMV/Verbund/Smatrics/ E-Mobility Provider) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2017/EES/71/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8633 – Lufthansa/Certain Air Berlin Assets)	6
2017/EES/71/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8661 – Oaktree/PIMCO/Real Estate Portfolio) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2017/EES/71/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8662 – Total/Maersk Olie og Gas) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2017/EES/71/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8668 – DER Touristik Deutsch- land GmbH/Exim Holding A.S.) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2017/EES/71/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8683 – Apollo Capital Management L.P./Intertoys Holding B.V.) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2017/EES/71/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8687 – Prisko/OKD Nastupnicka)	11
2017/EES/71/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8698 – EQT/Curaeos Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2017/EES/71/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7764 – EDF/Areva Reactor Business)	13
2017/EES/71/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8452 – Suez/GE Water and Process Technologies)	13
2017/EES/71/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8542 – The Carlyle Group/CVC/China Investment Corporation/ENGIE E&P International)	14
2017/EES/71/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8643 – Legend Holdings Corporation/Banque Internationale à Luxembourg)	14
2017/EES/71/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8663 – CNP Assurances/Macquarie/Predica/Pisto)	15
2017/EES/71/18	Auglýst eftir tillögum 2018 – EAC/A05/2017 – Áætlunin Erasmus+	16
2017/EES/71/19	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	19
2017/EES/71/20	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum	20

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2017/EES/71/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	25. júlí 2017
Málsnúmer	80833
Ákvörðun nr.	145/17/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Akershus
Heiti	Aðstoðarkerfi fyrir áfyllingarstöðvar fyrir vetni í Akershus-fylki
Lagastoð	Vetnisáætlun fylkisþingsins fyrir 2014–2015, samþykkt 17. mars 2014, aðgerðaáætlun fyrir Akershus 2015–2016 og leiðbeiningar með áætluninni samþykktar af fylkisþinginu.
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Umhverfisvernd
Aðstoðarform	Beinir styrkir
Fjárveiting	5 milljónir NOK á ári
Gildistími	5 ár
Atvinnugreinar	Smásöluþjónusta
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Fylkisþing Akershus
Aðrar upplýsingar	

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2017/EES/71/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	8. ágúst 2017
Málsnúmer	80872
Ákvörðun nr.	146/17/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Hörðalandsfylki
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Áframhaldandi fjármögnun CO ₂ Technology Centre, kolefnistækniseturs í Mongstad
Lagastoð	Fjárlög fyrir árið 2017 (Meld. St. 1 (2016-2017), Innst. 2 S (2016-2017))
Tegund aðstoðar	Aðstoð við einstakt fyrirtæki
Markmið	Umhverfisvernd
Aðstoðarform	Styrkur, annað
Fjárveiting	652 milljónir norskra króna
Aðstoðarhlutfall	81%
Gildistími	2017–2020
Atvinnugreinar	Rafmagns-, gas- og vatnsveita
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Gassnova SF Dokkvegen 10, N-3920 Porsgrunn Olje- og energidepartementet Akersgata 59, 0033 Oslo Postboks 8148 Dep 0033 Oslo
Aðrar upplýsingar	

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2017/EES/71/03

(mál M.8569 – Europcar/Goldcar)

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Europcar Groupe S.A. („Europcar“, Frakklandi).
- Car Rentals Topco, S.L. og dótturfélög þess (einu nafni „Goldcar“, Spáni).

Europcar nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Goldcar.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Europcar: skammtímaleiga á ökutækjum og samanstendur bílafloki fyrirtækisins að meðaltali af 200 000 ökutækjum í yfir 140 löndum um allan heim. Europcar er einnig með starfsemi sem varðar hreyfanleika í samgöngum og sölu á notuðum bílum.
- Goldcar: skammtímaleiga á ökutækjum og samanstendur bílafloki fyrirtækisins að meðaltali af 35 000 ökutækjum og skrifstofur þess innan ESB eru 76 talsins. Goldcar annast einnig sölu á notuðum bílum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 376, 8.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8569 – Europcar/Goldcar

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8594 – COSCO Shipping/OOIL)

2017/EES/71/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- COSCO Shipping Holdings Co., Ltd. („COSCO Shipping“, Kína).
- Orient Overseas (International) Limited („OOIL“, Bermúdaeyjum).

COSCO Shipping nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir OOIL.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- COSCO Shipping: margvísleg þjónusta í tengslum við gámaflutninga og gámaflutningastöðvar í gegnum dótturfélög.
- OOIL: starfsemi á sviði gámaflutninga undir vörumerkinu OOCL, flutningaþjónusta og gámaflutningastöðvaþjónusta.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 377, 9.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8594 – COSCO Shipping/OOIL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8618 – OMV/Verbund/Smatrics/E-Mobility Provider)

2017/EES/71/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- OMV Aktiengesellschaft (Austurríki).
- Verbund AG (Austurríki).
- Smatrics GmbH & Co KG (Austurríki).
- E-Mobility Provider Austria GmbH (Austurríki), sameignarfélag með Smatrics GmbH & Co KG.

OMV og Verbund ná í sameiningu óbeinum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, að fullu yfir Smatrics GmbH & Co KG og E-Mobility Provider Austria GmbH.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- OMV Aktiengesellschaft: leit og vinnsla á olfu og jarðgasi, vinnsla og sala á jarðolíuvörum (m.a. vörum unnum úr jarðolíu) og innflutningur og dreifing á jarðgasi.
- Verbund AG: rafveita sem fæst við vinnslu og flutning á raforku og viðskipti með raforku.
- Smatrics GmbH & Co KG og E-Mobility Provider Austria GmbH: þjónusta við notendur rafbíla, einkum grunnvirki í tengslum við hleðslu, raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og upplýsingaþjónusta. Smatrics býður þjónustupakka í tengslum við samgöngur með raforku fyrir einkanotendur og viðskiptaaðila sem nota rafknúin ökutæki.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtuð. ESB (C 377, 9.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8618 – OMV/Verbund/Smatrics/E-Mobility Provider

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Faxnr. +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8633 – Lufthansa/Certain Air Berlin Assets)

2017/EES/71/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Deutsche Lufthansa AG („Lufthansa“, Þýskalandi).
- NIKI Luftfahrt GmbH („NIKI“, Austurríki), sem er hluti af Air Berlin Group.
- Luftfahrtgesellschaft Walter mbH („LGW“, Þýskalandi), einnig hluti af Air Berlin Group.

Lufthansa nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hluta Air Berlin Group, eða NIKI og LGW.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lufthansa: eignarhaldsfélag nokkurra flugfélaga, sem einkum stunda farþegaflutninga og starfrækja tengistöðvar í Frankfurt, München, Brussel, Zürich og Vín.
- NIKI: flugfélag sem annast beint flug milli tveggja áfangastaða einvörðungu, með áherslu á frístundaferðalanga. Flýgur frá Þýskum, austurrískum og svissneskum flugvöllum og þjónustar aðallega ferðamannastaði í kringum Miðjarðarhafið (s.s. Baleareyjar og grísku eyjarnar) auk Kanaríeyja.
- LGW: Fram til 28. október 2017 starfrækti LGW loftför sem leigð voru Air Berlin með þjónustuleigu og þjónuðu styttri flugleiðum milli Düsseldorf og Berlínar, einkum sem tengilína í rekstri Air Berlin. LGW er ætlað að vera leið til þess að halda áfram starfrækslu flugáætlunar sem Air Berlin annast sem stendur með þjónustuleigusamningi við Lufthansa Group, sem sett var á laggirnar í desember 2016. Áður en viðskiptin eiga sér stað er ætlunin að afgreiðslutímabaki fyrir vetraráætlun 2017/2018 og sumaráætlun 2018 (m.a. afgreiðslutímur á flugvöllum Berlin-TXL, DUS, FRA og MUC) færist yfir til LGW svo Lufthansa Group geti nýtt hann.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 379, 10.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8633 – Lufthansa/Certain Air Berlin Assets

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8661 – Oaktree/PIMCO/Real Estate Portfolio)

2017/EES/71/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Oaktree Capital Group LLC (BNA).
- Pacific Investment Management Company LLC (BNA).
- Real Estate Portfolio (Póllandi).

Oaktree Capital Group LLC (Oaktree) og Pacific Investment Management Company LLC (PIMCO) ná sameiginlegum yfirláðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir eignasafni sem samanstendur af 28 eignum undir atvinnuhúsnæði í Póllandi („Real Estate Portfolio“).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Oaktree: fyrirtæki á sviði stýringar sérhæfðra fjárfestinga í gjaldföllum skuldum, fyrirtækjaskuldum (m.a. hávöxtunarskuldum og forgangslánum), breytanlegum verðbréfum, fasteignum og skráðum eignum.
- PIMCO: stýring fjárfestinga um allan heim, m.a. þjónusta við hið opinbera, tryggingarfélög, efnameiri fjárfesta, fjármálastofnanir, almenna fjárfesta og fjárfestingarfélög.
- Real Estate Portfolio: leiga á atvinnuhúsnæði í Póllandi. Í eignasafninu eru eignir undir atvinnuhúsnæði í 27 borgum í Póllandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 376, 8.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8661 – Oaktree/PIMCO/Real Estate Portfolio

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/71/08****(mál M.8662 – Total/Maersk Olie og Gas)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Total S.A. (Frakklandi).
- Maersk Olie og Gas A/S (Danmörku), sem er hluti af A.P. samstæðunni Møller-Maersk A/S (Danmörku).

Total S.A. nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Maersk Olie og Gas A/S.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Total S.A.: alþjóðlega samþættur framleiðandi og seljandi orku með starfsemi í öllum greinum olíu- og gasgeirans, auk orkuframleiðslu.
- Maersk Olie og Gas A/S: olíu- og gasfyrirtæki með starfsemi í tengslum við leit, vinnslu og verslun með hráolíu og jarðgas.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 377, 9.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8662 – Total/Maersk Olie og Gas

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/71/09****(mál M.8668 – DER Touristik Deutschland GmbH/Exim Holding A.S.)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DER Touristik Deutschland GmbH („DER Touristik“, Þýskalandi), dótturfyrirtæki REWE Group (Þýskalandi).
- Exim Holding A.S. („Exim“, Tékklandi).

DER Touristik nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Exim.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DER Touristik: hluti af ferða- og ferðaþjónustudeild REWE Group, sem er með starfsemi í ferðaþjónustu, auk smásölu matvæla og vara sem ekki teljast til matvæla, í gegnum sérstaka einingu.
 - Exim: tékkneskt hlutafélag sem á fjögur dótturfyrirtæki virk í ferðaþjónustu í Tékklandi, Póllandi, Ungverjalandi og Slóvakíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 376, 8.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8668 – DER Touristik Deutschland GmbH/Exim Holding A.S.

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja **2017/EES/71/10**
(mál M.8683 – Apollo Capital Management L.P./Intertoys Holding B.V.)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. september 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Apollo Management, L.P („Apollo“ eða „Apollo Group“).
- Intertoys Holding B.V. („Intertoys Group“).

Fjárfestingarsjóðir sem stjórnað er af Apollo Management, L.P. ná yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Intertoys Holding B.V. („Intertoys Group“).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Apollo: fjárfesting í fyrirtækjum og skuldum útgefnum af félögum með starfsemi á margvíslegum sviðum um heim allan í gegnum fjárfestingarsjóði sem samstæðan stjórnar. Dæmi um núverandi fjárfestingar eru m.a. efnafyrirtæki, fyrirtæki sem reka skemmtiferðaskip, sjúkrahús, öryggisfyrirtæki, fjármálaþjónustu og glerpökkunarfyrirtæki.
- Intertoys Group: smásala á breiðu úrvali af hefðbundnum leikföngum og nýjustu hlutum með margmiðlunartækni og gjafir í raunlægum verslunum og netverslunum í Hollandi, Þýskalandi, Lúxemborg og Belgíu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjótd. ESB (C 377, 9.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8683 – Apollo Capital Management L.P./Intertoys Holding B.V.

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8687 – Prisko/OKD Nastupnicka)

2017/EES/71/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Prisko a.s. („Prisko“, Tékklandi).
- OKD Nástupnická a.s. („OKD“, Tékklandi).

Prisko nær fullum yfirláðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir OKD. Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Prisko: stýrir eignum fjármálaráðuneytis Tékklands.
- OKD: starfsemi á sviði vinnslu og sölu á kolum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 377, 9.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8687 – Prisko/OKD Nastupnicka

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/71/12****(mál M.8698 – EQT/Curaeos Holding)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EQT Fund Management S.à.r.l. („EQT“, Lúxemborg).
- Curaeos Holding B.V. („Curaeos Holding“, Hollandi).

EQT nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Curaeos Holding.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EQT: fjárfestingarsjóður sem fjárfestir aðallega í Norður-Evrópu og á meginlandi Evrópu.
 - Curaeos Holding: alþjóðlegur þjónustuveitandi í tannlækningum sem rekur tannlæknastofur, tannsmíðastofur og annast dreifingu á tannlæknavörum. Einnig rekur fyrirtækið mágrenilækningastofu í Þýskalandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 379, 10.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8698 – EQT/Curaeos Holding

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/71/13**
(mál M.7764 – EDF/Areva Reactor Business)

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. maí 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M7764. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/71/14**
(mál M.8452 – Suez/GE Water and Process Technologies)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. júlí 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8452. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/71/15**
(mál M.8542 – The Carlyle Group/CVC/China Investment Corporation/ENGIE E&P International)

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8542. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/71/16**
(mál M.8643 – Legend Holdings Corporation/Banque Internationale à Luxembourg)

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8643. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/71/17**
(mál M.8663 – CNP Assurances/Macquarie/Predica/Pisto)

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8663. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Auglýst eftir tillögum 2018 – EAC/A05/2017**2017/EES/71/18****Áætlunin Erasmus+****1. Inngangur og markmið**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2003 ⁽¹⁾ um að koma á fót „Erasmus+“: Áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsstarf og íþróttir, svo og á grundvelli árlegrar starfsáætlunar Erasmus + fyrir 2017 og 2018. Áætlunin Erasmus+ tekur til árána 2014 til 2020. Almenn og sértæk markmið áætlunarinnar Erasmus+ eru talin upp í 4., 5., 11. og 16. gr. reglugerðarinnar.

2. Aðgerðir

Auglýsing þessi eftir tillögum tekur til eftirfarandi aðgerða áætlunarinnar Erasmus+:

Lykilaðgerð 1 – Námsferðir fyrir einstaklinga

- Ferðir fyrir einstaklinga á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs
- Sameiginlegar meistaragráður Erasmus Mundus

Lykilaðgerð 2 – Samstarf um nýsköpun og skipti á góðum vinnubrögðum

- Marksækin samstarfsverkefni á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs
- Samstarf háskóla og atvinnulífs
- Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar
- Efling getu á sviði æðri menntunar
- Efling getu á sviði æskulýðsstarfs

Lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum

- Skipulögð skoðanaskipti: Fundur ungmenna og þeirra sem taka ákvarðanir á sviði æskulýðsstarfs

Starfsemi á vegum Jean Monnet áætlunarinnar

- Jean Monnet kennslustöður
- Jean Monnet einingar
- Jean Monnet gæðamiðstöðvar
- Jean Monnet stuðningur við stofnanir og samtök
- Jean Monnet net

Íþróttir

- Samstarfsverkefni
- Lítil samstarfsverkefni
- Evrópskir íþróttaviðburðir sem ekki eru haldnir í ágóðaskyni

⁽¹⁾ Stjútúð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50.

3. Hlutgengi

Allir opinberir aðilar eða aðilar úr einkageiranum á sviði menntunar, þjálfunar, æskulýðsstarfs og íþróttar geta sótt um fjármuni innan áætlunarinnar Erasmus+. Þá geta hópar ungmenna sem eru virk innan æskulýðsstarfs, en ekki nauðsynlegan innan æskulýðssamtaka, sótt um fjármuni vegna námsferða ungmenna og umsjónarmanna æskulýðsstarfs, svo og vegna marksækinnar samstarfsverkefna á sviði æskulýðsstarfs.

Eftirtalin lönd, sem eiga aðild að áætluninni Erasmus+, geta tekið fullan þátt í aðgerðunum ⁽²⁾:

- Aðildarríki Evrópusambandsins,
- EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES: Ísland, Liechtenstein og Noregur,
- Ríki sem hafa sótt um aðild að ESB: Tyrkland og Makedónía (fyrrum lýðveldi í Júgóslavíu).

Þá geta samtök frá samstarfslöndum tekið þátt í tilteknum aðgerðum áætlunarinnar Erasmus+

Nánari upplýsingar um skilyrði fyrir þátttöku er að finna í leiðarvísi áætlunarinnar Erasmus+.

Breskir umsækjendur: Vinsamlegast athugið að uppfylla þarf hlutgengisskilyrðin *allan* tímann á meðan styrkurinn er í gildi. Gangi Bretland úr Evrópusambandinu á gildistíma styrksins án þess að gerður sé samningur við Evrópusambandið sem tryggir sérstaklega að breskir umsækjendur séu áfram hlutgengir, verður fjármögnun hætt (en þátttöku haldið áfram þar sem kostur er) eða þess krafist að þátttöku í verkefninu sé hætt.

4. Fjárveiting og lengd verkefna

Framkvæmd þessarar auglýsingar eftir tillögum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- að fjárveitingar, sem kveðið er á um í drögum að fjárlögum fyrir 2018, verði tiltækar eftir að fjárveitingavaldið samþykkir fjárlögin fyrir 2018 eða, ef fjárlögin hljóta ekki samþykki, í samræmi við kerfi sem heimilar að eyða allt að tólfta hluta fjárveitingar síðasta árs í hverjum mánuði,
- að löggjafarvald ESB samþykki leiðbeinandi áætlunir til margra ára 2018-2020 án umtalsverðra breytinga.

Áætluð heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar er 2 490,9 milljónir evra.

Menntun og þjálfun:	EUR	2 253,2 millj. ⁽³⁾
Æskulýðsstarf:	EUR	188,2 milljónir
Jean Monnet:	EUR	12,1 milljón
Íþróttir:	EUR	37,4 milljónir

Heildarfjárhæð vegna þessarar auglýsingar, svo og skipting hennar, er leiðbeinandi og unnt er að breyta henni, með fyrirvara um breytingu á árlegum starfsáætlunum Erasmus+. Hugsanlegum umsækjendum er bent á að skoða árlega starfsáætlun Erasmus+ og breytingar á henni á vefnum:

http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/more_info/awp/index_en.htm

að því er varðar fjárveitingu til aðgerða sem falla undir auglýsingu þessa.

Styrkfjárhæðir og lengd verkefna ráðast af þáttum á borð við eðli verkefnis og fjölda þátttökuríkja.

⁽²⁾ Starfsemi á vegum Jean Monnet áætlunarinnar er opin samtökum alls staðar að úr heiminum.

⁽³⁾ Þessi fjárhæð felur í sér fjármuni vegna alþjóðlegrar víddar æðri menntunar (EUR 328 milljónir í heild).

5. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur sá sem tilgreindur er hér á eftir rennur út kl. 12 á hádegi að Brussel-tíma.

Lykilaðgerð 1	
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsstarfs	1. febrúar 2018
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æðri menntunar	1. febrúar 2018
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði starfsmenntunar og starfsþjálfunar, skólastarfs og menntunar fullorðinna	1. febrúar 2018
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsstarfs	26. apríl 2018
Ferðir fyrir einstaklinga á sviði æskulýðsstarfs	4. október 2018
Sameiginlegar meistaraþráður Erasmus Mundus	15. febrúar 2018

Lykilaðgerð 2	
Marksækin samstarfsverkefni á sviði æskulýðsstarfs	1. febrúar 2018
Marksækin samstarfsverkefni á sviði menntunar og þjálfunar	21. mars 2018
Marksækin samstarfsverkefni á sviði æskulýðsstarfs	26. apríl 2018
Marksækin samstarfsverkefni á sviði æskulýðsstarfs	4. október 2018
Samstarf háskóla og atvinnulífs	28. febrúar 2018
Samstarf um færni innan tiltekinnar atvinnugreinar	28. febrúar 2018
Efling getu á sviði æðri menntunar	8. febrúar 2018
Efling getu á sviði æskulýðsstarfs	8. mars 2018

Lykilaðgerð 3	
Fundur ungmenna og þeirra sem taka ákvarðanir á sviði æskulýðsstarfs	1. febrúar 2018 26. apríl 2018 4. október 2018

Aðgerðir á vegum Jean Monnet áætlunarinnar	
Kennslustöður, einingar, gæðamiðstöðvar, stuðningur við stofnanir og samtök, net, verkefni	22. febrúar 2018

Aðgerðir á sviði íþróttar	
Samstarfsverkefni	5. apríl 2018
Lítill samstarfsverkefni	5. apríl 2018
Evrópskir íþróttaviðburðir sem ekki eru haldnir í ágóðaskyni	5. apríl 2018

Nánari fyrirmæli sem varða umsóknarfrestinn er að finna í leiðarvísi áætlunarinnar Erasmus+.

6. Nánari upplýsingar

Allar upplýsingar um skilyrði, sem sett eru í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, m.a. um forgangsverkefni, er að finna í leiðarvísi fyrir áætlunina Erasmus+ á eftirfarandi vef:

<http://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/resources/programme-guide>

Leiðarvísir áætlunarinnar Erasmus+ er óaðskiljanlegur hluti auglýsingar þessarar eftir tillögum og skilyrði fyrir þátttöku og fjármögnun sem þar koma fram gilda að fullu um auglýsingu þessa.

Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)

2017/EES/71/19

(birt skv.9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Eftirfarandi ákvarðanir hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

Efni	Tilvísun ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
Krómtríoxíð EB nr. 215-607-8 CAS nr. 1333-82-0	C(2017) 6727	10. október 2017	REACH/17/22/0	Stjútíð. ESB C 348, 17.10.2017, bls. 6
			REACH/17/22/1	
			REACH/17/22/2	
			REACH/17/22/3	
			REACH/17/22/4	
			REACH/17/22/5	
REACH/17/22/6				

Ákvarðanirnar er að finna á eftirfarandi slóð á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins:
http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/reach/authorisation/index_en.htm.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum**2017/EES/71/20**

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. desember til 30. september 2017, sjá Stjtíð. ESB [C 367, 27.10.2017](#), bls. 1 og bls. 11.